






ROMAN SIGNER *Tvær tunnur, viður, gúmmímottur, eldiviður, hvellhetta, tréstigi, uppákoma í Weissbad 1988. Langflest verka Svisslendingsins Signers krefjast náttúrulegs umhverfis.*

LISTASAFN ÍSLANDS OG UMHVERFI UNDIRLAGT

Ljóðlína Steins Steinarr „Kannske hefur þú aldrei verið til" öðlast nýtt líf á sýningu sem Listasafn Íslands og umhverfi þess er hluti af og hefst 8. maí. Alls taka þátt í sýningunni átta listamenn frá Norðurlöndunum, Ítalíu og Sviss. Þeir eru Giovanni Anselmo, Finn Naur Petersen, Finnbogi Pétursson, Ulf Rollof, Roman Signer, Bente Stokkem, Steina Vasulka og Maariu Wirkkala. Sýningin nefnist Borealis 6 því hún er sú sjötta í röðinni Borealis, sem þýðir norðlægur. Þar er ætlunin að sýna fjölbreytnina og sköpunargleðina í norrænni umhverfislist sem og höggmyndalist samtímans. Fyrsta Borealis-sýningin var hefðbundin farandsýning, önnur fjallaði um norræn efni og var rétt fyrir utan Osló. Sú þriðja var í Málmey þar sem þemað var málverk og landslag. Borealis 4 fór fram í Louisiana-safninu í Danmörku og voru þar sýnd staðbundin umhverfisverk og sú fimmta fjallaði um efnið og áhrif þess. Sýning þessi mun standa yfir til 20. júní.



GIOVANNI ANSELMO *Eitt þekkasta og athyglisverðasta nafn sýningarinnar er Ítalinn Giovanni Anselmo, sem er bæði elstur myndlistarmannanna og hefur haldið flestar sýningarnar. Hér sést afar athyglisvert verk eftir hann: Nafnlaust verk sem snýr í norður.*



STEINA VASULKA *Er fædd á Íslandi en býr í Santa Fe í Mexíkó. Hún er myndbandagerðarmaður „á mörkum aflvæðingar og rafvæðingar".*

UM HVAÐ TALA LEIKARAR?...




Hrafn Gunnlaugsson er ennþá á allra vörum þó að raddirnar um afrek hans um ævina, og ekki sísvona hans, fari lækkandi. Á þessum árstíma ríkir jafnan mikil spenna í röðum leikara vegna þess að nú fer fram verkefnaval stóru leikhúsanna fyrir næsta leikár og hlutverkin eru um það bil að raðast niður á þá sem leikstjórarnir hafa trú á. Mikið er um það skrafað og skeggrætt hverjir hljóta stærstu bitana og hver leikari af öðrum mátar hvert stóra hlutverkið af öðru í huganum. Um það er einnig rætt hve vel tókst til hjá báðum leikhúsunum á síðasta leikári, en þó einkum og sérlagi hjá Þjóðleikhúsinu. Þá eru einnig á allra vörum leikaraefnin átta sem síðasta laugardag voru valin úr sextán manna hópi sem gengið hafði í gegnum súrt og sætt saman. Leikarar lýsa allflestir ánægju sinni með ráðningu **Viðars Eggertssonar** sem leikhússtjóra hjá Leikfélagi Akureyrar og aðrir samgleðjast **Guðjóni Pedersen** sem hefur fengið boð um að fara til Finnlands að leikstýra Stræti. Þá er enn verið að velta fyrir sér bíómyndum sumarsins. Mesta stemmningin er þó kringum umræðuna um kvikmyndahátíðina í Cannes; er þangað ætla fjölmargir leikarar og aðrir aðstandendur Sódómu Reykjavíkur að flykkjast. Í hópinn sem ætlar utan hafa þegar bæst **Ingvar Þórðarson**, sem fór með framkvæmdamál Sódómu, og að öllum líkindum **Sóley Elíasdóttir** leikkona. Og fleiri eiga án efa eftir að bætast í hópinn. Kvikmyndahátíðin í Cannes ku vera einhver ævintýralegasta kvikmyndahátíð sem haldin er um gervalla veröld, segja leikarar.





„Hvar á sú meðhöndlun orða og tungumáls, sem við köllum ljóð, heima? Sú hugsun læðist að manni að ljóðabókin sé ekki eins hlutlaus og eðlilegur vettvangur og ætla mætti."



Hvers vegna elska ég . . . Vindlana mína?

„Því þeir eru svo skemmtilega eitraðir. Það lýsir sér í því að á mínútufresti fæ ég þriggja sekúndubrota einbeitingu."

SJÓN

MYNDLIST

Kjarvalsstaðasyrpa

KJARVALSSTAÐIR
DAÐI GUÐBJÖRNSSON
SVAVA BJÖRNSDÓTTIR
LINDA VILHJÁLMSDÓTTIR
SÆMUNDUR VALDIMARSSON

GUNNAR J. ÁRNASON



Um þarsíðustu helgi var margt um manninn á Kjarvalsstöðum, enda voru fjórar sýningar opnaðar samtímis. Allar verðskulda þær athygli þannig að ég sé mig knúinn til að minnast á þær hverja fyrir sig.

Daði

Nú vill svo til að undirritaður skrifar formála að sýningarskrá fyrir sýningu Daða Guðbjörnssonar þannig að ég á í nokkrum erfiðleikum með að bæta nokkru við. Það er þó ljóst að þetta er viðamesta sýning Daða frá upphafi. Hann sýnir í vesturssalnum þrjátíu og sjö málverk.

Þetta er stór sýning en varla tímamótasýning. Það má frekar líta á hana sem hápunkt á þróunarferli sem hefur átt sér stað á undanförnum árum. Kunnuglegum stefjum úr fyrri myndum bregður fyrir. En krafturinn er enn meiri en áður, margar myndanna gneista og glæringar fljúga um myndflötinn. Kímnigáfan og fjörið hafa sannarlega ekki yfirgefið Daða, en einnig má greina þunga undiröldu í myndum eins og „Krákur yfir akri".

Það er svo margt að gerast í myndunum að það getur verið erfitt að einbeita sér að hverri mynd fyrir sig á svo stórri sýningu. Hyggilegast er að velja sér fáeinar myndir og gefa sér tíma til að skoða þær vel. Takið eftir myndunum „Ný kvenímynd", „Ástsælir penslar" og „Who's afraid of red, yellow and blue".

Svava

Stílhreinasta sýningin, á því er engin vafi. Sex einingum, nokkurn veginn jafnstórum, er raðað á vegginn gegnt dyrunum í austursalnum. Það er allt og sumt, en þó er salurinn alls ekki tómlegur. Hlutföllin milli myndraðarinnar og salarins ganga upp á áhrifaríkan hátt.

Svava Björnsdóttir hefur þá sérstöðu meðal íslenskra myndlistarmanna að nota pappamassa í verk sín. Hún formar litsterkan massann í mót og í þessu tilfelli tvö stykki sem eru lögð saman eins og samloka. Formin eru byggð upp á einföldum og reglulegum einingum. Öll verkin eru samhverf um tvo ása og hver mynd um sig er einlit. Samkvæmt lýsingunni mætti ætla að þau væru ströng og hörð í forminu en eru reyndar furðu frjálsleg, enda mýkt í útfærslu formanna og í hrjúfleika pappans. Myndirnar koma fyrir sjónir eins og stækkanir og tilbrigði við umbúðaböggla sem maður gæti rekist á í daglegu lífi. Það er eins og þær séu til þess gerðar að umlykja eða innihalda eitthvað. Það er ekki aðeins að þær pakki inn, heldur geyma, vernda og þar af leiðandi búa yfir einhverju. Myndirnar hafa eitthvað að fela, en þannig að allir sjái til.

Sæmundur

Íslendingar hafa haft sérstakt dálæti á listamönnum sem eru náttúrubörn í listinni og hafa því tekið Sæmundi Valdimarssyni opnum örmum. Þegar Sæmundur kom fyrst fram taldist hann til nævra listamanna, en ég efast um að sú nafnbót sé viðeigandi lengur.

Á ganginum milli salanna standa þrjátíu og þrjár fígúrur, tálgaðir rekaviðardrumbar sem Sæmundur hefur farið nærnum höndum um og blásið lífi í. Mannamyndirnar búa yfir sérstökum þokka sem er í senn viðkvæmur og harðgerður. Mörg bráðskemmtileg tilbrigði við mannslíkamann koma fyrir þar sem saman fer mikil einföldun í búk og útlimum en áhersla á atriði eins og augu og geirvörtur. Hárgreiðslan er í sumum tilvikum stórbrotin.

Það er þröng á þingi á ganginum og fígúrurnar keppa um athygli. Það hefði farið betur á því annaðhvort að hafa færri myndir eða gefa þeim meira pláss og huga betur að fyrirkomulagi þeirra.

Linda

Það hefur ekki farið framhjá neinum að Kjarvalsstaðir hafa fengið ljóðskáld til samvinnu við sig og verið með ljóðasýningar á göngunum. Stundum hefur þetta tekist mætavel og gefið ljóðunum nýja myndræna vídd, þar sem form og hlutföll ljóðanna fá aukið vægi.

Linda Vilhjálmsdóttir fer aðrar leiðir. Hún hefur tekið ljóð úr ljóðabókum sínum *Bláþráður* og *Klakabörnin*, svipt þau sínu verndaða athvarfi í ljóðabókunum og búið um þau í umhverfi sem yfirleitt telst fjandsamlegt afurðum ljóðlistarinnar, m.ö.o. umbúnaði sem við þekkjum betur í heimi fjölmiðla, auglýsinga og verslunar. Afleiðingin er sú að maður þarf að einbeita sér sérstaklega að ljóðunum, því truflunin er töluverð.

Á fimm myndbandsskjám skiptast glæsilegar þulur ríkissjónvarpsins á að lesa upp ljóð Lindu, einkar vel eins og búast hefði mátt við. Uppi á vegg renna nokkur ljóð í gegnum ljósaskilti, af þeirri gerð sem víða má sjá í búðargluggum. Á sama vegg er sjálfsali, sem á stendur; „Ljóð í lausasölu", verð 2 x 50 kr.

Hugmyndin að nota boðskiptatækni ýmiss konar í listrænum tilgangi er ekki óþekkt. En í þessu samhengi gefur notkun þeirra tilefni til umhugsunar. Hvar á sú meðhöndlun orða og tungumáls, sem við köllum ljóð, heima? Sú hugsun læðist að manni að ljóðabókin sé ekki eins hlutlaus og eðlilegur vettvangur og ætla mætti. Ef við ályktum sem svo að ljóðið eigi ekki, frekar en annars staðar, heima sem prentað mál í bók, hlýtur sú spurning að vakna hvort formið, ljóðabókin og nánar tiltekið blaðsíðan, hafi ekki nokkur áhrif á hvers konar ljóð eru búin til í dag og hvernig við lesum þau? En það má jafnframt skilja þetta sem áskorun og ákall: Gefið ljóðinu líka pláss!